56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, útaf bænarskrá Ragnheiðar Ólafsdóttur yfirsetukonu um eptirlaun.

1863. 11. júlím.

Ragnheiður Ólafsdóttir yfirsetukona í Reykjavíkur kaupstað hefir í allraþegnsamlegastri bænarskrá, dagsettri 13. marzm. f. á., sótt um, annaðhvort að hún megi halda áfram að vera yfirsetukona með þeim 50 ríkisdala launum, er til þeirrar sýslunar eru lögð úr ríkissjóði, með því skilyrði að hún, þar sem hún sjálf sökum ellilasleika ekki getur gegnt köllun þessari, láti aðra yfirsetukonu gjöra það, er tekið hefir próf í yfirsetukvennafræði, eður að hún, ef hún eigi að sleppa stöðu sinni, fái áðurgreinda 50 rdl. sem eptirlaun. Eptir að stjórnarráðið hefir með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 16. aprílm. þ. á. fengið ýtarlegri skýrslur um Ragnheiði þessa Ólafsdóttur, þá skal yður nú kunngjört útaf bænarskrá hennar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á í því efni, að stjórnarráðið getur ekki fallizt á, að svo sè til hagað um þetta, sem hún fyrst og fremst hefir um sótt, og sem landlæknirinn, Hjaltalín jústizráð, í álitsskjali sínu 16. ágústm. f. á. hefir fastlega ráðið frá, og að hún ekki á heimting á neinum eptirlaunum úr ríkissjóði; í því efni skal það og tekið fram, að í ástæðunum fyrir konungsúrskurði 22. marzm. 1837, sem finnast í skýrslu kanselíisins, dagsettri s. d., viðvíkjandi því að veita lausn einum lögregluþjóni og yfirsetukonu í Reykjavík m. m., er með berum orðum tekið fram, að lögregluþjónar og yfirsetukonur í kaupstað þessum, sem stiptamtmaður skuli framvegis útnefna og veita lausn, ekki geti búizt við neinum eptirlaunum úr konungssjóði, heldur verði það að vera komið undir atvikum, hvort þeim kunni að verða veittur nokkur styrkur úr hlutaðeiganda bæjarsjóði.